

Nd.

93. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn nýrra vinnuaðferða í vegagerð og símalagningu.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Páll Zóphóniásson, Helgi Jónasson, Skúli Guðmundsson,
Páll Þorsteinsson

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleika til:

1. Að auka vélanotkun í vegagerð hér á landi;
2. Að vegagerð ríkisins verði a. m. k. að einhverju leyti framkvæmd í ákvæðisvinnu;
3. Að símalínur, einkum til afskekktra staða, verði lagðar með minna tilkostnaði en nú tíðkast.

G r e i n a r g e r ð .

Vinnuaðferðir við opinberar framkvæmdir (og raunar víðar) hér á landi munu vera orðnar talsvert á eftir tímanum, samanborið við þau lönd, sem fremst standa í verklegri tækni. Það var t. d. staðfest af vitamálastjóra í umræðum á Alþingi um dýpkunarskip fyrir nokkrum dögum, að tæki þau, sem notuð eru til hafnargerða, væru algerlega ófullnægjandi, og vinnubrögð úrelt, svo að áberandi væri, samanborið við tilsvarendi framkvæmdir erlendra manna.

En það, sem þarna var sagt um úreltar aðferðir í hafnargerð, mun eiga víðar við. Veldur því sjálfsagt að miklu féleysi þjóðarinnar og þar af leiðandi vanmáttur til að eignast dýrar vélar og tæki, og hins vegar þess e. t. v. ekki gætt nægilega að veita íslenskum mönnum aðstöðu til að fylgjast með verklegum framförum erlendis.

Vélanotkun við vegagerð hér á landi hefur fram að þessu verið lítil. Fyrir utan bifreiðar til malarflutnings eru hér að verki síðustu árin nokkrir vegheflar, sem gert hafa mikið gagn og þyrftu að vera fleiri, en þá má líka heita upp talið. En það dýlst ekki þeim, er séð hafa vinnubrögð ameríska setuliðsins hér í vegagerð, að vélar geta unnið stórvirki í þessum framkvæmdum. Það mætti hugsa sér, að notkun slíkra vinnuvéla hér mundi geta skapað hliðstæða möguleika í vegagerðinni og dráttarvélar og nýtizku áhöld hafa þegar gert í jarðræktinni. Verkefni þjóðarinnar í vegagerð eru hins vegar svo stórkostleg, að seint mun þar sjá fyrir endann, ef mannhöndin og rekan eiga þar að vera að verki einar eða aðallega. En nú er einmitt rétti tíminn til að hefjast handa um að hagnýta sér þá möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera.

Það er margra mál, að það mundi verða notadrygra á ýmsan hátt, ef vegagerð væri framkvæmd í ákvæðisvinnu. Þetta hefur verið reynt t. d. í Þingvallaveginum um 1930, og mun hafa gefizt vel og verið vinsælt hjá verkamönnum. Er og auðsætt, að það getur verið hentugt, svo misviðrasamt sem hér er, að vegavinnumenn geti sjálfir ráðið, hvenær þeir eru að verki, og njóti þess, sem þeir vilja á sig leggja. En í þessu sambandi þarf m. a. að rannsaka, með hverjum hætti eftirlit hins opinbera með slíkri vegavinnu þyrfti að vera, svo að í lagi væri.

3. liður tillögunnar fjallar um rannsókn á möguleikum til að leggja símalínur með minna tilkostnaði en nú tíðkast. Það er hverjum auðsætt, að stauralínur eins og þær, sem tíðkast hafa, eru mjög dýrar, einkum þar, sem flutningur er erfiðastur. Flm. er kunnugt, að í Vesturheimi hafa verið gerðar athyglisverðar tilraunir til að leggja símalínur án staura um strjálbýl svæði, en einangrun og vernd línunnar þarf þá auðvitað að vera með þeim hætti, að ódýrara sé en staurarnir. Væri æskilegt, að þessi möguleiki væri rannsakaður til hlítar.